

















SKÝRINGAR



LANDNOTKUN


-  Sveitarfélagsmörk
-  Þéttbýlismörk
-  Vaxtarmörk þéttbýlis
-  Íbúðarbyggð (IB)
-  Miðsvæði (M)
-  Verslun og þjónusta (VP)
-  Samfélagsþjónusta (S)
-  Athafnasvæði (AT)
-  Iðnaðarsvæði (I)
-  Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
-  Frístundabyggð (F)
-  Afþreyingar- og ferðamannsvæði (AF)
-  Íþróttasvæði (IP)
-  Kirkjugarðar og grafreitir (K)
-  Opin svæði (OP)
-  Flugvellir (FV)
-  Hafnarsvæði (H)
-  Landbúnaðarsvæði (L)
-  Skógræktar- og landgræðisvæði (SL)
-  Óbyggð svæði (ÓB)
-  Vötn, ár og sjór (V)
-  Strandsvæði (ST)
-  Helgunarsvæði rafflinu (loftlína)
-  Fríðlýst svæði (FS)
-  Önnur náttúruvernd (ÓN)
-  Hverfisverndarsvæði (HV)
-  Náttúruvá (NV)
-  Fríðlýstar fornminjar
-  Fríðlýstar byggingar
-  Vatnsbólsvæði (VB)
-  Vatnsvernd, grannsvæði
-  Vatnsvernd, fjarsvæði
-  Öryggissvæði flugvallar

ÞJÓNUSTUKERFI


-  Stofnvegur
-  Tengivegur
-  Aðrir vegir og götur
-  Vegir í náttúru Íslands
-  Göngu- og/eða hjólaleið
-  Reiðleið
-  Útivistarleið
-  Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
-  Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
-  Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem fer í jörð á skipulagstímabilinu
-  Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
-  Aðveitulögn hitaveitu
-  Aðveitulögn vatnsveitu
-  Útrás fráveitu
-  Fallpípa
-  Metanlögn
-  Dælustöð fráveitu

ALMENNAR SKÝRINGAR

-  Hæðarlínur (20 m)
-  Byggingar



GILDANDI AÐALSKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 14.05.2018



BREYTT AÐALSKIPULAG

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

Breyting á aðalskipulagi: Breyting nr. 16: Grímsey - Svæði fyrir vindmyllur og fjarskipti

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er skilgreint 0,4 ha athafnarsvæði (AT20) fyrir miðjum austurhluta Grímseyjar þar sem er í dag fjarskiptamastur og tækniþúnaður, en svæðið er þess utan óbyggð.

Breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina nýtt iðnaðarsvæði (I35) á staðnum og verður nýtt iðnaðarsvæði 1,0 ha að stærð. Athafnarsvæðið AT20 er fellt út.

Breytingin er til komin vegna áforma Fallorku að reisa allt að sex 6 kW vindmyllur á svæðinu.

Möstrin á vindmyllunum verða 9 m á hæð og spaðarnir 5,6 m í þvermál, hæsti punktur frá jörðu er því tæplega 12 m. Gert er ráð fyrir að fjarlægð á milli mastra verði um 30-50m.

Grímsey er ekki tengd orkukerfum Íslands og hefur því öll orkuframleiðsla í eyjunni til þessa dags verið með ósjálfbærni óendurnýjanlegu jarðefnaeldsneyti með tilheyrandi neikvæðum umhverfis- og loftslagsáhrifum.

Forgangsröðun Akureyrarbæjar, í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu, er að minnka eins og kostur er notkun á jarðefnaeldsneyti. Í Grímsey er díselrafstöð staðsett í miðri byggðinni vestast á eyjunni sem í nágrenni stöðvarinnar veldur hvoru tveggja hávaða- og sótmengun.

Tilgangur breytingar á aðalskipulagi er breyta núverandi ástandi með því að framleiða rafmagn í Grímsey með umhverfisvænum hætti.

Samanborið við núverandi díselrafstöð eru fyrirhugaðar vindmyllur hljóðlátari og valda ekki mengun auk þess sem þær minnka kolefnisfótspor landsins og auka orkuöryggi í eyjunni.

Staðarval

Við val á staðsetningu svæðis fyrir vindmyllur var horft til þess að svæðið er afskekkt á austurhluta eyjarinnar og í um 1 km fjarlægð frá þéttbýlinu á vesturströnd eyjarinnar. Þá er fuglalíf á völdum stað tiltölulega lítið miðað við fuglalíf almennt í og við eyjuna.

Þegar er vegslóði og dreiflagnir að svæðinu og fyrir eru þar fjarskiptamöstur og því er verið að nýta þá innvið sem eru til staðar og ekki verið að setja há mannvirki á nýjan stað á eyjunni.

Breyting á skipulagsupprætti

Bætt er við iðnaðarsvæðinu I35 sem er 1,0 ha. Athafnarsvæði AT20 fellur út.

Breyting á greinargerð

Breyting verður á töflu yfir iðnaðarsvæði í greinargerð þar sem svæðið I35 bætist við. Athafnarsvæði AT20 fellur út úr töflu yfir athafnarsvæði.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing
I35	Svæði fyrir miðjum austurhluta eyjarinnar	Grímsey	1,0	Fjarskiptamastur. Heimilt er að reisa allt að 6 vindmyllur með hámarkshæð frá jörð allt að 12 m. Deiliskipulag í vinnslu.

Umhverfisáhrif

Í Grímsey kemur öll orka frá díselrafstöðvum en slík olubrensla er bæði kostnaðarsöm og hefur mengandi áhrif á umhverfið. Með uppsetningu vindmylla er verið að skapa umhverfisvæni leið til að framleiða rafmagn í eyjunni með grænum orkujöfum og auka orkuöryggi og sjálfbærni staðarins.

Við val á staðsetningu og tegund vindmylla var tekið tillit til náttúruverndar og dýralífs. Fuglalíf á völdum stað er tiltölulega lítið, vindmyllurnar litlar (hámarkshæð tæplega 12 m) og standa þétt saman sem dregur mjög úr hættu á að fuglar lendi í þeim.


Þegar eru á svæðinu stór fjarskiptamöstur og tækniþúnaður. Ásýnd á svæðinu mun breytast við uppsetningu vindmylla en svæðið er nokkuð afskekkt og ekki mjög fjölfarið og sjónræn áhrif því óveruleg.

Samræmi við aðrar áætlanir

Meðal áherslna fyrir Grímsey í gildandi aðalskipulagi er að orkunotkun í valdi eins litlu álagi á náttúruna eins og kostur er.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur m.a. fram að skipulag í dreifbýli skuli gefa kost á að nýta orkuauðindir með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við þessar áherslur því verið að minnka brennslu olíu við orkuöflun og bæta við grænum orkugjafa.



AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030
SÉRUPPRÁTTUR
GRÍMSEY

STAÐSETNING BREYTINGAR

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 1. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR AUGLÝST FRÁ _____ TIL _____ VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN PANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN PANN _____


Grunnkort: Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar

Myndmældur hæðarlínugrunnur

Hnitakerfi: Lambert

Hnattstaða: ÍSNET 93

Mælikvarði A3: 1:10.000



Unnið fyrir: Skipulagssvið Akureyrarbæjar

Unnið af: Landslag ehf



Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Séruppráttur - Grímsey

Breyting nr. 16:

Grímsey - Svæði fyrir vindmyllur og fjarskipti

Dags: 18. mars 2022

-TILLAGA-